2 11. jan. **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu*, **um rjett leiguliða til gjalds fyrir móskurð í landareigninni.** — Hinn núverandi kaupmaður á Reykjarfirði og eigandi verzlunarhúsanna þar, J. J. Thorarensen, sem einnig síðan 1859 hefur haft byggingu fyrir umboðsjörðinni Halldórsstöðum, hefur borið fram umkvörtun yfir því, að umboðsmaður Strandasýslujarða hafi árlega heimtað af sjer 28 kr. í eptirgjald eptir lóð Reykjarfjarðarverzlunarstaðar, sem var ákveðin með útmælingargjörð 11. júní 1847, auk hins áskilda 20 álna afgjalds af Halldórsstöðum eptir byggingarbrjefinu, enda þótt lóðargjaldið eptir kaupstaðarlóðina í útmælingargjörðinni aðeins sje ákveðið 16 kr., en 12 kr. sjeu gjald fyrir móskurð í Halldórsstaðalandi er hann álítur sig ekki eiga að greiða þareð hann sje ábúandi Halldórsstaða.

Í tilefni af þessu hafið þjer, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 25. júlí f. á. borið undir úrskurð minn þá fyrirspurn hlutaðeigandi umboðsmanns, hvort honum beri að taka til greina kröfu ofannefnds kaupmanns Thorarensens um endurgjald fyrir ofgreitt árlegt lóðargjald, 12 kr., frá því hann fjekk byggingarbrjef fyrir Halldórsstöðum.

Um þetta málefni skal jeg, yður til þóknanlegrar athugunar og frekari auglýsingar, þjónustusamlega tilkynna yður það, er nú skal sagt.

Eins og þjer, herra amtmaður, hafið tekið fram, verður ekki annað ráðið af útmælingargjörðinni fyrir lóð Reykjarfjarðarverzlunarstaðar en að lóð þessi hafi verið mæld út úr landi þjóðjarðarinnar Halldórsstaða, jafnframt því að hlutaðeigandi kaupmönnum var veittur rjettur til mótaks í landi þeirrar jarðar; og eins og ekki hefur leikið neinn efi á því, að hið árlega eptirgjald eptir kaupstaðarlóðina hafi átt að renna í landssjóð án nokkurs endurgjalds til ábúandans á Halldórsstöðum, þannig verður ekki sjeð nein ástæða til þess að önnur regla hafi átt að gilda um árgjaldið fyrir mótaksrjettinn, enda inniheldur útmælingargjörðin enga bendingu í þá átt. Þar sem nú og þeirri reglu frá upphafi hefur verið fylgt, að bæði gjöldin hafa runnið í landssjóð án endurgjalds til ábúanda Halldórsstaða, og það eins áður en hinum núverandi leiguliða var byggð sú jörð, eins og síðan, þá verður ekki sjeð, að hann geti átt tilkall til neins endurgjalds í hinu umrædda tilliti. Að mótaksrjettarins ekki er getið í byggingarbrjefi því, er Thorarensen kaupmaður fjekk fyrir Halldórsstöðum, virðist heldur ekki hafa neina þýðingu þar sem honum má álítast að hafa verið kunnugt um, að þessi kvöð hvíldi á jörðunni.

Jeg verð þess vegna að álíta, að ekki beri að taka umkvörtun Thorarensens til greina, og skal því umboðsmaður Strandasýslujarða, einsog að undanförnu, innheimta og standa landssjóði skil á hinni fullu eptirgjaldsupphæð, 28 kr., fyrir kaupstaðarlóðina á Reykjarfirði og mótak það í Halldórsstaðalandi, sem verzlunarmanni þeim, sem þar er búsettur, er heimilað.

Auglýsing

um breyting á ferðaáætlun póstgufuskipanna árið 1884.

3 2. febr. Það auglýsist hjermeð almenningi, að á áætlun þeirri um ferðir póstgufuskipanna árið 1884, sem prentuð er í stjórnartíðindunum fyrir 1883, B. 121, hefur sú breyting síðan verið gjörð, að póstgufuskipin eiga að koma við á Skotlandi í *Granton* en *ekki* í *Leith*, einsog þar stendur.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 2. febrúar 1884.

Bergur Thorberg,
settur.

Jón Jensson,
settur.